

Valgreinar í 6. bekk 2017-2018

Nemendur í II-deildum geta valið 3-9 tíma á viku úr eftirtöldum valgreinum. 6 tíma valgreinar verða líklega á mánudags-, miðvikudags- og föstudagsmorgnum kl. 8:10-9:35 en 3 tíma valgreinar á sömu tímum eða á eftirmiðdögum. Til að auðvelda stundatöflugerð og forðast árekstra í stundatöflu er búið að skipa valgreinum í fjóra flokka (1,2,3,4) og eru nemendur beðnir um að velja ekki tvær valgreinar í sama flokki.

Danska (3 tímar á viku) (flokkur 1)

Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja bæta þekkingu sína á dönsku máli og menningu. Ekkert land laðar til sín Íslendinga til náms og starfa í sama mæli og Danmörk en nærri helmingur allra íslenskra námsmanna erlendis stundar nám í Danmörku. Góð dönskukunnátta og skilningur á hugsunarhætti og menningu landsins er lykillinn að góðum árangri. Á námskeiðinu verður bæði lögð áhersla á munnlega þáttinn og þann skriflega og með hjálp kvikmynda og danskra sjónvarpsþátta miðlum við upplýsingum um menningu og samfélag.

Markmið námskeiðsins er að

- efla dönskukunnáttu, bæði í munnlegri og skriflegri færni
- veita innsýn í danska menningu og danskt umhverfi.

Námsefni

- kvikmyndir, efni af Netinu og ljósritaðir textar.

Kennsluhættir

Sýndar verða kvikmyndir og sjónvarpsþættir og unnið með texta tengdum þeim. Skoðað verður það félagslega, menningarlega og landfræðilega umhverfi sem birtist í kvikmyndum/sjónvarpsþáttum þessum og textum. Einstaklingsverkefni eða hópvinna eftir því sem við á.

Námsmat

Námsmat byggist á símati. Athugið að þar sem námskeiðið er símatsáfangi er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn.

Eðlisfræði fyrir nemendur á náttúrufræðideild II (3 tímar á viku) (flokkur 4)

Þetta námskeið er kennt sem valfag fyrir náttúrufræðideild II náttúrufræðibrautar.

Markmið námskeiðsins

Að gefa nemendum möguleika á að klára þá eðlisfræði sem krafist er við inntöku í ýmsa háskóla t.d. í læknadeildir í Danmörku og víðar.

Námsefni

Fyrst verða rifjuð upp ýmis hugtök úr 5. bekk. Síðan verður farið í tvívíða hreyfingu, m.a. skákast. Farið verður yfir skriðþunga og massamiðju, hringhreyfingu og einfalda sveifluhreyfingu. Eftir það verður farið í lögmál Keplers og þyngdarlögmál Newtons. Síðan verður tekist á við rafsvið, segulsvið og span. Að síðustu verður nemendum kynnt þróun kenninga á 20. öld. og reynt að sýna þeim þá heimsmynd sem eðlisfræðin hefur í dag.

Kennsluhættir

Blanda af dæmareikningi og stuttum fyrirlestrum eða skýringum. Reynt verður að hafa dæmatíma þar sem nemendur reikna dæmi í tímum og kennari gengur um og hjálpar þeim.

Námsmat

Árseinkunn byggir á þátttöku í kennslustundum, verkefnavinnu og frammistöðu í æfingum. Prófseinkunn verður byggð á tveggja tíma lokaprófi.

Enska - J.R.R. Tolkien (3 tímar á viku) (flokkur 3)

Markmið

Nemendur

- auki við enskukunnáttu
- fræðist um J.R.R. Tolkien og bakgrunn hans
- fræðist um söguheim Tolkien og helstu bókmenntaverk hans
- fræðist um tengsl Tolkien við Ísland og íslenska tungu
- fræðist um tensl Tolkien við íslenskar fornbókmenntir
- fræðist um mismunandi afstöðu og túlkun á bókmenntaverkum Tolkien og dýpri merkingu skrifa hans
- fræðist um þverfaglegan orðaforða til markvissrar notkunar í háskólanámi og starfi.
- fái þjálfun í að koma fram og tjá sig á ensku
- sýni sjálfstæði í vinnubrögðum.

Námsefni og kennsluhættir

Nemendur

- flytja fyrirlestur tengdan Tolkien
- lesa valin verk eftir Tolkien og vinna verkefni tengd þeim
- fara í vettvangsferð tengda námsefni
- vinna bæði með skáldverk eftir Tolkien og annað efni tengt honum
- halda leiðarbók þar sem vinnu vetrarins eru gerð dyggileg skil
- vinna verkefni um tengsl Tolkien við Ísland og íslenska tungu.

Stefnt verður að Lundúnaferð á vormisseri í tengslum við námskeiðið (ef áhugi er fyrir hendi) og unnið verkefni tengt ferðinni. Nemendur bera sjálfir allan kostnað af ferðinni.

Námsmat

Árseinkunn byggist á virkni og frammistöðu í tímum, London-verkefni og lokaverkefni á vormisseri. Það er ekkert lokapróf, en prófseinkunn byggir á fyrirlestur, skriflegum æfingum og leiðarbók.

Athugið að þar sem námskeiðið er sí matsáfangi er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaekinn.

Þess ber að geta að háskólar í Danmörku (og hugsanlega í hinum Norðurlöndunum) gera nú kröfu um að íslenskir nemendur hafi lokið 15 einingum í ensku. Til þess að uppfylla þær kröfur geta nemendur á náttúrufræðibraut valið þetta valfag í ensku (eða tekið TOEFL-prófið).

Enska fyrir nemendur á náttúrufræðibraut (3 tímar á viku) (flokkur 2)

Markmið

Nemendur

- auki við enskukunnáttu á sérsviði sínu
- öðlist þekkingu og skilning á þverfaglegum orðaforða til notkunar í háskólanámi og starfi
- öðlist leikni í að lesa sér til fræðslu texta sem gera miklar kröfur til lesandans
- sækji sér heimildir og vinni úr þeim á akademískan hátt
- fái þjálfun í að koma fram og tjá sig á ensku
- kynnist bókmenntum á enskri tungu
- sýni sjálfstæði í vinnubrögðum.

Námsefni og kennsluhættir

Nemendur

- fá þjálfun í að gera grein fyrir námsefni, bæði munnlega og skriflega
- flytja fyrirlestur um vísindi

- gera skriflegt verkefni að eigin vali (um bókmenntir eða vísindi) og flytja auk þess stutta kynningu um verkefnið
- lesa efnislega tvö bókmenntaverk og vinna úr þeim ritunarverkefni
- lesa sér til ánægju tvö bókmenntaverk (yndislestur - frjálst val) og segja frá.

Stefnt verður að Lundúnaferð á vormisseri í tengslum við námskeiðið (ef áhugi er fyrir hendi) og unnið verkefni tengt ferðinni. Nemendur bera sjálfir allan kostnað af ferðinni.

Námsmat

Árseinkunn byggist á virkni og frammistöðu í tímum og bókmenntaverkefnum.

Það er ekkert lokapróf, en prófseinkunn byggir á fyrirlestur, skriflegu verkefni, yndislestri og Lundúnaverkefni. **Athugið að þar sem námskeiðið er símatsáfangi er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn.**

Þess ber að geta að háskólar í Danmörku (og hugsanlega í hinum Norðurlöndunum) gera nú kröfu um að íslenskir nemendur hafi lokið 15 einingum í ensku. Til þess að uppfylla þær kröfur geta nemendur á náttúrufræðibraut því valið þessa valgrein (eða tekið TOEFL-prófið).

Enska - Skapandi skrif (ný valgrein, 3 tímar á viku) (flokkur 1)

Markmið

Nemendur

- kynnist undirstöðuatriðum í smásagnagerð
- þjálfist í lestri ljóða og ljóðaskrifum
- fái þjálfun í greiningu ljóðtexta
- þjálfist í að skipuleggja eigin skrif
- skerpi hæfni sína með ritæfingum og ritskoðun á eigin texta
- fái þjálfun í að veita öðrum uppbyggjandi gagnrýni á verk þeirra í ritsmiðju og gefi góð ráð um ritskoðun og endurritun.
-

Námsefni og kennsluhættir

Auk þess að örva andagiftina læra nemendur nytsöm atriði við smásagnagerð, eins og skipulagningu, uppbyggingu, fléttu, sögusvið, persónusköpun og ritun samtala. Auk þess kynnast nemendur undirstöðuatriðum ljóðagerðar og fá þjálfun í að lesa, flytja og skrifa eigin ljóð.

Nemendur skoða einnig og skilgreina verk ýmissa frægra rithöfunda til þess að uppgötva hvernig hægt er að nýta bestu tækni til áhrifa á lesandann. Stöðugt endurmat tryggir að nemendur bæti verk sín og verði í kjölfarið betri gagnrýnendur á verk annarra.

Áfanginn skiptist í fyrirlestra (1 kennslustund) og ritsmiðju (2 kennslustundir í senn).

Námsmat

Ekkert lokapróf er í áfanganum en námsmat byggist á:

- virkni og frammistöðu í tímum 30%
- skriflegum verkefnum yfir veturinn (verkefnamappa) 40% og
- lokaverkefni 30%

Í lok áfangans skrifar hver nemandi eina smásögu í fullri lengd. Athugið að þar sem námskeiðið er símatsáfangi er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn.

Þess ber að geta að háskólar í Danmörku (og hugsanlega í hinum Norðurlöndunum) gera nú kröfu um að íslenskir nemendur hafi lokið 15 einingum í ensku. Til þess að uppfylla þær kröfur geta nemendur á náttúrufræðibraut valið þetta valfag í ensku (eða tekið TOEFL-prófið).

Erfðafræði og líftækni fyrir nemendur á náttúrufræðibraut

(3 tímar á viku) (flokkur 4)

Kennsla fer að miklu leyti fram í fyrirlestrum. Nokkrar verklegar æfingar verða m.a. einangrun á DNA úr nemendum sjálfum, skerðing og rafdráttur DNA og genaklónun. Stefnt verður að því að fara í heimsókn á rannsóknastofu þar sem rannsóknir í erfðavísindum fara fram. Nemendafyrirlestrar.

Aðalefni vetrarins:

Litningar og gen. Bygging DNA. Eftirmyndun DNA. Stökkbreytingar. Erfðagallar og erfðasjúkdómar. Erfðir og krabbamein. Genalækningar. Stofnfrumur. Rafdráttartækni. Skerðing DNA með skerðiensímum. Skerðibútagreining. PCR-tækni til mögnunar á DNA. Raðgreining á DNA. Skimun á meingenum. Genaklónun. Tjáning klónaðra gena og hreinsun á próteinafurðum þeirra. Genasöfn. Greining erfðamengis mannsins. Klónun dýra.

Námsmat

Árseinkunn er byggð á frammistöðu nemenda á tímaprófum, í heimaverkefnum, verkefnum í kennslustundum og almennri þátttöku í kennslustundum. Lokapróf er tveggja klukkustunda skriflegt próf úr námsefni vetrarins.

Franska IV (3 tímar á viku) (3 tímar á viku) (flokkur 3)

Frönsk tunga og menning frönskumælandi landa.

Námskeiðið er ætlað nemendum náttúrufræðibrautar sem hafa lokið stúdentsprófi í frönsku. Markmið áfangans er að dýpka skilning og færni í frönsku og um leið að kynna nánar hin ólíku málsvæði frönskunnar í gegnum menningu, listir, matargerð og bókmenntir. Það verður gert með því að horfa á kvikmyndir frá mismunandi frönskumælandi löndum, lesa fréttir og vinna með fréttatengt efni, lesa smásögur og teiknimyndasögur, hlusta á tónlist og vinna með lagatexta. Einnig verður lögð áhersla á að þjálfa talmál með ýmsum para- og hópaverkefnum, stuttum kynningum og fyrirlestrum. Námskeiðið er próflaust og því er krafist 100% mætingar. Námsmat byggist á vinnuöppu og dagbók sem skilað er í lok haust- og vormisseris, vinnu og frammistöðu nemenda í tímum, hóp og einstaklingsverkefnum, munnlegum og skriflegum æfingum og fyrirlestrum. **Athugið að þar sem námskeiðið er símatsáfangi er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn.**

Hagfræði fyrir nemendur á náttúrufræðibraut

(3 tímar á viku) (flokkur 3)

Markmið námskeiðsins er að veita nemendum almenna innsýn inn í hugarheim þjóðhagfræðinnar og miðla þekkingu um helstu kenningar og hugtök. Námskeiðið á að veita nemendum yfirlit yfir helstu viðfangsefni þjóðhagfræðinnar, efla þekkingu á helstu lögmálum efnahagslífsins og skilning á gangverki þjóðarbúskaparins. Áhersla verður lögð á fræðilegt inntak ásamt hagnýttu gildi námsefnisins, m.a. með því að fylgjast með hagþróun og viðburðum líðandi stundar. Staðgöð þekking á þjóðhagfræði eflir almennan skilning á efnahagslífinu og almennri umræðu um efnahagsmál. Sú þekking býr nemendur undir önnur námskeið sem og lífið sjálft. Nokkur af helstu viðfangsefnum eru: Frjáls viðskipti, framboð og eftirspurn, landsframleiðsla, hagvöxtur, framleiðni, fjármálakerfið, peningar og peningakerfið, seðlabankar, verðbólga, vextir, verðtrygging, hagfræði opinna hagkerfa, gengi gjaldmiðla, mynsvæði og evran, leikjafræði og fleira. Gestafyrirlestrar.

Námsmat

Árseinkunn er byggð á frammistöðu nemenda á tímaprófum, í heimaverkefnum, verkefnum í kennslustundum og almennri þátttöku í kennslustundum. Vorprófseinkunn byggir á skriflegu tveggja klukkustunda prófi úr námsefni vetrarins.

Nemendur geta ekki valið bæði hagfræði og viðskiptafræði.

Jarðsaga og náttúruvá (3 tímar á viku) (flokkur 3)

Kennslan fer að mestu leyti fram í fyrirlestrum. Við kennsluna er nokkuð stuðst við netið og fræðslumyndbönd. Í áfanganum verður fjallað um sögu jarðarinnar og þróun lífs með áherslu á náttúruvá og þær settar í samhengi við almenna jarðfræði. Skoðað verður hvaða áhrif náttúruvá hefur á samfélag okkar í dag og hvernig við getum undirbúið okkur fyrir framtíðina.

Nemendur læra um helstu grundvallarkenningar í jarðfræði, kynnast helstu rökum fyrir landreki, myndun fellingafjalla og læra um opnun Norður-Atlantshafsins og tilurð Íslands.

Námsmat

Áfanginn er símatsáfangi, matið byggist á vinnu nemanda yfir skólaárið ásamt skriflegum æfingum og ritgerð. **Athugið að þar sem námskeiðið er símatsáfangi er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn.**

Kvikmyndaenska (ný valgrein, 3 tímar á viku) (flokkur 4)

Markmið

Að nemendur

- auki við enskukunnáttu
- fái þjálfun í að koma fram og tjá sig á ensku
- fræðist um bandaríska menningu og auki menningarlæsi sitt
- fræðist um bandaríska kvikmyndasögu
- fræðist um birtingarmyndir minnihlutahópa í bandarískum samfélagi á hvíta tjaldinu
- fræðist nánar um kvikmyndir og menningu 7. og 8. áratugarins
- eflist í akademískri hugsun og geti ritað á hlutlægan hátt um ýmis málefni
- eflist í almennri textagreiningu (e. textual analysis)

Námsefni og kennsluhættir

- Nemendur vinna verkefni tengd bandarískri kvikmyndasögu og þá sérstaklega 7. og 8. áratugnum.
- Nemendur lesa greinar í þar til gerðu hefti, ásamt því að lesa einnig bækur sem verða á leslistanum.
- Nemendur munu bæði þurfa að horfa á kvikmyndir utan kennslu og í kennslustofu.
- Nemendur munu vinna verkefni sem snýr að einum tilteknum kvikmyndahöfundum.
- Nemendur skrifa hlutalæga rýni um kvikmyndir vetrarins.
- Nemendur vinna heimildarverkefni á ensku um reykvísk kvikmyndahús á 8. áratugnum.

Námsmat: Ekkert lokapróf er í áfanganum en einkunn er gefin í lok vetrar og skiptist í námseinkunn og prófseinkunn. **Athugið að þar sem námskeiðið er símatsáfangi er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn.**

Þess ber að geta að háskólar í Danmörku (og hugsanlega í hinum Norðurlöndunum) gera nú kröfu um að íslenskir nemendur hafi lokið 15 einingum í ensku. Til þess að uppfylla þær kröfur geta nemendur á náttúrufræðibraut valið þetta valfag í ensku (eða tekið TOEFL-prófið).

Kynjafræði (ný valgrein, 3 tímar á viku) (flokkur 2)

Námslýsing

Markmið áfangans er tvíþætt:

- a) að kynna grunnhugtök kynjafræðinnar þannig að nemendur fái innsýn inn í margbreytileika mannlífsins.
- b) að lesa og ræða valda bókmenntatexta sem varða hinsegin fólk og jafnrétti kynjanna.

Meginmarkmið

Nemandi skal afla sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- stöðu og valdahlutföllum kynjanna í samfélaginu
- margbreytileika mannlífs og að jafnréttismál varða allt samfélagið og þekkja til helstu stefja í hugmyndasögu og réttindabaráttu ýmissa hópa
- helstu aðferðum og viðfangsefnum kynjafræðinnar og geti beitt þeim á afþreyingu og menningu líðandi stundar.

Námsefni og kennsluhættir

Kennslan byggist upp á fyrirlestrum kennara og gesta, umræðum og vettvangsferðum. Námsefnið byggir á margs konar bókmenntum, efni frá kennara, fjölritum og Kynungabók menntamálaráðuneytisins .

(sjá nánar www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdfnamskrar/Kynungabok_2010.pdf).

Framlag nemenda

Lögð er áhersla á virka þátttöku nemenda í tímum og sjálfstæð vinnubrögð.

Námsmat

Áfanginn byggist að mestu leyti á símati og nemendur halda leiðarþók. Á haustmisseri verður stutt skriflegt próf. Árseinkunn er byggð á frammistöðu nemenda í tímaprófi, í heimaverkefnum, verkefnum í kennslustundum og almennri þátttöku í kennslustundum. Áfanganum lýkur með lokaverkefni. **Athugið að þar sem námskeiðið er símatsáfangi er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaekinn.**

Leikhúslíf og leikhúsmenning (3 tímar á viku) (flokkur 1)

Námslýsing

Markmið áfangans er að fylgjast með leikhúslífi á leikárinu 2017-18 með það fyrir augum að nemendur öðlist aukinn skilning á leikbókmenntum og leiklist. Á haustmisseri verður farið stuttlega yfir innlenda og erlenda leiklistarsögu. Fylgst verður með æfingum á leikritum, farið á leiksýningar og unnin verkefni í tengslum við þær. Lesin eru nokkur leikrit og annað efni í tengslum við þau. Einnig er gert ráð fyrir nokkrum heimsóknum og umræðufundum með leikhúsfólki.

Meginmarkmið

Að kynnast menningu leikhússins og um leið fylgjast náið með leikhúslífinu í borginni yfir eitt leikár með það fyrir augum að nemendur öðlist aukinn skilning á leikbókmenntum og leiklist.

Námsefni og kennsluhættir

Í upphafi verður stuttlega farið í sögu leiklistarinnar og farið verður á nokkrar leiksýningar, u.þ.b. sex, og unnin verkefni í tengslum við þær. Fylgst verður með æfingum á nokkrum leikritum sem sýnd verða á leikárinu 2017-2018. Lesin verða leikrit, greinar og annað efni. Gert er ráð fyrir nokkrum heimsóknum og umræðufundum með leikhúsfólki. Leiksýningar verða valdar í haust þegar leikhúsin og sjálfstætt starfandi leikhópar hafa birt dagskrá sína og í samráði við nemendur.

Framlag nemenda

Lögð er áhersla á virka þátttöku nemenda í tímum og sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur verða að gera ráð fyrir leikhúsförum utan skólatíma og kostnaði við þær.

Námsmat

Áfanginn byggist að stórum hluta á símati. Á haustmisseri er skriflegt próf í leiklistarsögu. Yfir árið vinna nemendur stór og smá verkefni sem lögð verða til grundvallar í námsmati. **Athugið að þar sem námskeiðið er símatsáfangi er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaekinn.**

Listasaga (3 tímar á viku) (flokkur 2)

Á fyrri misseri læra nemendur um forsendur sjónlista frá öndverðu fram á 17. öld. Einnig eru þeim kynnt ýmis mikilvægustu hugtök listsköpunar og greiningar sjónlista. Nemendur læra að þekkja

ákveðin stílskeið og tímabil listasögunnar, en jafnframt að skoða listasöguna sem heild. Nemendur skulu öðlast færni í að greina samspil helstu þátta sjónlista, menningar og þjóðfélagshátta. Á síðara misseri læra nemendur um forsendur sjónlista frá 17. öld fram á 20. öld. Þeim lærist að greina sjónlistir, bæði á forsendum listarinnar sjálfar, sem og í tengslum við aðra menningarþætti og þjóðfélagshætti. Áhersla er lögð á að nemendur þekki stílskeið og tímabil listasögunnar, en skoði hana jafnframt sem heild, tengi framangreind tímabil saman og skilji að hvaða marki rætur listar á 20. öld liggi í eldri stílskeiðum. Helstu þræðir í sögu nútímalistar eru raktir og settir í samhengi við samfélagsgerð og samfélagsbreytingar, stjórnarfar, tæknibreytingar, heimspeki og hugmyndafræði.

Námsmat

Árseinkunn byggist á frammistöðu nemenda á tímaprófum, í heimaverkefnum, verkefnum í kennslustundum og almenntri þátttöku í kennslustundum. Lokapróf er tveggja klukkustunda skriflegt próf úr námsefni vetrarins.

Lögfræði (3 tímar á viku) (flokkur 1)

Námslýsing

Lög og réttur eru leikreglur hvers ríkis og endurspeгла samfélagið. Hvort sem okkur líkar betur eða verr verðum við að fylgja þessum leikreglum ef við viljum á annað borð vera meðlimir þess ríkis sem við búum í. Þess vegna hæfir þetta námskeið bæði þeim sem vilja kynna sér fræðigreina fyrir áframhaldandi nám í lögfræði og þeim sem vilja einungis kynnast gildandi réttarreglum á hverjum tíma betur.

Í námskeiðinu verður m.a. farið yfir eftirfarandi atriði:

- Helstu *grunnatriði lögfræðinnar*, fræðikerfi hennar, réttarheimildir o.fl.
- *Stjórnskipun og stjórnarfar* og meðferð mála hjá stjórnarsýsluáðilum.
- *Réttarfar*, þ.m.t. dómstólaskipanin á Íslandi.
 - Meðferð einkamáls útskýrð og grunnreglur einkamálaréttarfarsins. Farið er í mun á sakamálum og einkamálum. Farið verður í rannsókn sakamála og ákærvaldið og refsingar. Sönnun og sönnunarbyrði tekin fyrir.
 - Helstu atriði fullnustugerða, t.d. aðfarargerðir, kyrrsetning og lögban.
- *Samningaréttur*. Gerð er grein fyrir reglum um rétthæfi og gerhæfi. Farið er yfir stofnun löggerninga, umboð og milligöngu við sammingsgerð og ógilda löggerninga.
- *Skaðabótaréttur*. Gerð grein fyrir helstu reglum sem gilda um grundvöll bótaskyldu, þ.e. sakarregluna, regluna um vinnuveitendaábyrgð og hlutlægar ábyrgðarreglur og skilyrði þeirra, einkum skilyrði um saknæmi, orsakasamhengi og sennilega afleiðingu. Stuttlega fjallað um reglur um ákvörðun bóta.
- *Sifjar og erfðir*. Gerð verður grein fyrir reglum sem gilda um stofnun, fjármál og slit hjúskapar og óvígðrar sambúðar. Þá verður farið yfir barnarétt, einkum reglur sem gilda um feðrun og mæðrun barna, framfærsluskyldu og umgengnisrétt vegna barna og reglur um ættleiðingar. Að lokum verður farið yfir reglur erfðaréttar.
- *Evrópuréttur, refsiréttur eða kröfuréttur* eftir því sem tími gefst til.

Kennsluhættir

Kennsla fer fram með fyrirlestrum kennara, umræðum og verkefnavinnu. Vettvangsferðir verða farnar, t.d. í Hæstarétt, Héraðsdóm Reykjavíkur og hugsanlega á lögmannsstofu. Gestafyrirlesarar koma frá hinum ýmsu stöðum sem tengjast efninu.

Kennslugögn

Lög á bók – yfirlitsrit um lögfræði eftir Sigríði Logadóttur.
Efni sem lagt verður fram í tímum.

Námsmat

Árseinkunn er byggð á frammistöðu nemenda á tímaprófum, í heimaverkefnum, verkefnum í kennslustundum og almennri þátttöku í kennslustundum. Lokapróf er tveggja klukkustunda skriflegt próf úr námsefni vetrarins.

Myndlist (3 tímar á viku) (flokkur 4)

Kennd verða undirstöðuatriði í teikningu og málun.

- Í teikningu verður megináherslan á hlutateikningu, umhverfisteikningu og módelteikningu. Lagður verður grunnur að færni í ísometriskri teikningu (sem notuð er í ýmsum greinum hönnunar), fjarviddarteikningu, tvívíðri formfræði og myndbyggingu. Verkefni verða í útlínuteikningu og skyggingu til að túlka ytra form, innri uppbyggingu, áferð og efniskennd. Ennfremur verður kynnt meðferð algengustu efna og áhalda við myndræna framsetningu og úrvinnslu hugmynda.
- Í málun verða verkefni í blöndun lita og greiningu og miða þau að því að auka næmni fyrir eðli lita, samsetningu þeirra og innbyrðis verkan.
- Heimsóknir á listasöfn og gallerí eru hluti af náminu.

Námið í heild á að geta nýst sem undirbúningur undir frekara nám í myndlist eða hönnun en einnig miðar það að því að þjálfra myndlæsi og sköpun og hjálpa nemendum við að nota teikningu og annars konar myndræna framsetningu í ýmis konar skissugerð og hugmyndavinnu. Síðast en ekki síst á námið að geta aukið skilning á myndlist og auðveldað þannig nemendum að njóta hennar.

Námsmat

Námsmat byggist á símati. Athugið að þar sem námskeiðið er símatsáfangi er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn. **Stefnt verður að Lundúnaferð á vormisseri í tengslum við námskeiðið (ef áhugi er fyrir hendi) og unnið verkefni tengt ferðinni. Nemendur bera sjálfir allan kostnað af ferðinni.**

Nýsköpunar- og frumkvöðlafræði (3 tímar á viku) (flokkur 4)

Uppbygging

Fjallað verður um nýsköpun í breiðu samhengi - frá tengingu við hagvöxt og hagbylgjur sem og inni í fyrirtækjum ásamt nýsköpunarvirkni og skapandi hugsun starfsmanna. Farið verður yfir þátt hönnunar sem þátt í hlutgerð og sem aðferð í viðskiptum í tengslum við nýsköpun og sem hreyfiafl í hagkerfinu. Einnig verður skautað yfir sögu nýsköpununar í tengslum við tækninýjungar innan t.d. líftækni, fjarSKIPTATÆKNI og orkugeirans. Frumkvöðlum og frumkvöðlastarfsemi og tengingu hennar við nýsköpun eru gerð skil ásamt mikilvægi og gildi góðrar viðskiptaáætlunar. Lesefni; *Innovation and Entrepreneurship*, John Bessant and Joe Tidd, 3rd edition (2015). <http://eu.wiley.com/WileyCDA/WileyTitle/productCd-1118993098.html>. Bóksala stúdenta. Annað ítarefni.

Markmið

Að vetrinum loknum er gert ráð fyrir að nemendur hafi góða yfirsýn og þekkingu á nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi og geti gert grein fyrir og skilji mikilvægi þessara hreyfiafla í hagkerfinu. Að sama skapi verður leitast við að efla verkefnastjórnun nemenda, hæfni í teymavinnu sem og frumkvæði og skapandi hugsun þeirra. Einnig er stefnt að því að þeir „stofni“ eigið fyrirtæki í samvinnu við aðra, skrifi viðskiptaáætlun og kynni hugmynd sína fyrir „fjárfestum“.

Kennsluáferð

Kennt er þrjár stundir á viku. Farið verður yfir kennsluefni á hefðbundinn hátt, með glærum, myndböndum og umræðum. Gert er ráð fyrir virkri þátttöku nemenda. Nemendur munu í hópavinnu taka saman efni úr völdum köflum eftir að yfirferð líkur og flytja fyrir bekkinn. A.m.k. einu sinni kemur frumkvöðull í skólann og fjallar um stofnun síns fyrirtækis ásamt þeim áskorunum og hindrunum sem því fylgir. Stefnt er að því að kynna sér Gulleggið og fara í heimsókn til CCP og HR á tímabilinu. Unnið verður í hópavinnu í kennslustundum við gerð viðskiptaáætlunar í lok vorannar (workshop-teymavinna).

Námsmat

Byggist á virkni og frammistöðu í tímum, hópavinnu, skriflegum verkefnum og flutningi þeirra. Það er ekkert lokapróf, en í stað þess leggja nemendur fram lokaverkefni að vori. **Athugið að þar sem námskeiðið er símatsáfangi er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn.** Samansetning á verkefnum er eftirfarandi:

Hópavinna (30%); 4-5 nemendur; samantekt úr köflum, völdum spurningum svarað og kynnt fyrir bekk (einu sinni, fyrir og eftir jól hver hópur). Einstaklingsverkefni (15%) fyrir jól; **1 1/2 -2 A4** bls. Skilað, **-um valdan frumkvöðul** og kynnt fyrir bekknum. Einstaklingsverkefni (15%) eftir jól; **1 1/2-2 A4** bls. Skilað, **-um nýsköpun**, íslenskt/erlent, t.d. innan lífvísinda, heilbrigðismála, samfélagsmála, upplýsingatækni eða orkumála- og kynnt fyrir bekknum. Lokapróf haustmíssis (20%); - úr námsefni haustmíssis, -krossar og skilgreiningar, rétt og rangt, 90 mínútur. Mat kennara á vinnu um veturinn (20%). Námseinkunn byggist á framlagi hvers og eins í kennslustundum, prófi, verkefnum og ritgerðum, fyrir og eftir jól. Lokaverkefni- vor, prófseinkunn; Teymavinna við „stofnun“ fyrirtækis og gerð viðskiptaáætlunar (6-7 bls. skilað) (50%). Kynning á Hátíðasal (15-20 mínútur) fyrir „fjárfesta“ (50%). Kennari metur ásamt matsaðilum utan skóla.

Orðaforði latínu og grísku (fyrir nemendur á náttúrufræðibraut) (ný valgrein, 3 tímar á viku) (flokkur 2)

Í námskeiðinu læra nemendur undirstöðuatriði formálanna, en ekki til að ná tókum á þeim sjálfum, heldur einungis til að auka orðaforða sinn í nútímamálum. Áherslan verður á alþjóðleg fræðiorð eins og þau birtast í ensku, en önnur svið og önnur tungumál verða líka á dagskrá.

Meðal annars verður farið yfir:

- grunnatriði í latínu (málfræði og orðmyndun)
- grunnatriði í grísku (stafróf, málfræði, orðmyndun)
- algenga orðstofna, rætur, forskeyti og viðskeyti
- sérhæfðan orðaforða (líffræði, læknisfræði, eðlisfræði, lögfræði o.s.frv.)
- menningarsögulegt samhengi orða (goðsögur, trúarbrögð o.fl.)
- notkun uppflettiritra, handbóka og orðabóka (prentaðra og stafrænna).

Þessi áfangi er gagnlegur fyrir þá sem stefna á TOEFL, GRE eða sambærileg próf í framtíðinni og hvers kyns háskólanám hér heima sem erlendis.

Námsmat

Árseinkunn byggir á frammistöðu í verkefnum, skyndiprófum og virkni í tímum. Lokapróf er tveggja tíma skriflegt próf úr efni vetrarins.

Sálfræði (3 tímar á viku) (flokkur 2)

Farið verður stuttlega yfir sögulegan bakgrunn sálfræðinnar sem fræðigreinar, sem og ólík sjónarmið í nútímasálfræði. Sjónum verður beint að kenningum lífeðlislegu sálfræðinnar um helstu geðraskanir, kenningum atferlisfræðinnar um nám, persónuleikakenningu sálgreinenda, hugrænum kenningum um minni og þroska og að lokum kenningum mannúðarsálfræðinnar um sjálfsmýnd og lífsfullnægju. Einnig verða skoðaðar nokkrar af helstu rannsóknnum félagsálfræðinnar.

Lesefni

Ljósritað greinasafn frá kennara.

Námsmat

Árseinkunn er byggð á frammistöðu nemanda á tímaprófum, þátttöku í tímum og einstaklingsverkefnum. Vorpróf er skriflegt tveggja klukkustunda próf úr námsefni vetrarins.

Spænska IV: Borgarferð til Spánar (3 tímar á viku) (flokkur 3)

Námskeiðið er ætlað nemendum náttúrufræðibrautar sem hafa lokið stúdentsprófi í spænsku. Um er að ræða viðbót við fyrra nám og aðaláhersla verður lögð á að fræðast um sögu og menningu Spánar með áherslu á tiltekna stórborg sem farið verður til á skólaárinu. Einnig læra nemendur um helstu kennileiti og daglegt líf í viðkomandi borg. Nemendur afla sér þekkingar og hagnýtra upplýsinga og vinna menningartengd verkefni við undirbúning ferðarinnar. Í tímunum verða dagleg samskipti á spænsku tekin fyrir og æfð. Nemendur munu taka viðtöl, taka upp stutt myndbönd, flytja samtöl, stuttar kynningar og leikþætti. Til að þjálfa lesskilning verður unnið með ýmsa texta, blaða- og tímatritsgreinar sem tengjast spænskri sögu og menningu. Jafnframt verður unnið með efni úr sjónvarpi og af internetinu, horft á kvikmyndir, stuttmyndir og hlustað á tónlist. Haldið verður áfram að þjálfa ritfærni nemenda með útdráttum, verkefnum og dagbókarfærslum í tengslum við borgarferðina og aðrar vettvangsferðir. Á meðan á ferð stendur afla nemendur sér upplýsinga um leið og þeir skoða borgina og kynnast mannlífi hennar. Eftir heimkomuna er unnið úr þessum upplýsingum með skriflegum og munnlegum verkefnum.

Námsmat

Í námskeiðinu er símat sem byggist á frammistöðu nemenda í tímum, dagbók, vinnuöppu um borgarferð, hóp- og einstaklingsverkefnum bæði munnlega og skriflega. Athugið að þar sem námskeiðið er símatsáfangi er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaekunn. **Nemendur bera sjálfir allan kostnað af ferðinni.**

Stjörnufræði (3 tímar á viku) (flokkur 1)

Fjallað verður um nokkur grunnatriði stjörnufræðinnar. Ferðast verður um sólkerfið þvert og endilangt og hnettir þess rannsakadir, stórir sem smáir. Kannað verður hvernig ýmis stjarnfræðileg fyrirbæri horfa við okkur hér á jörðu niðri og hvernig við höfum aflað þeirrar þekkingar sem við búum nú yfir. Kafað verður í iður sólstjarna, þær vegnar og metnar, lífs eða liðnar. Þá verður sjónum nemenda beint enn lengra í burtu, að fjarlægum vetrarbrautum og þyrpingum vetrarbrauta. Hvert skúmaskot alheims skal kortlagt. Að síðustu verður alheimurinn í heild sinni viðfangsefnið, gerð hans og eðli, þróun og örlög.

Námsmat

Árseinkunn er byggð á frammistöðu nemenda á tímaprófum, í heimaverkefnum, verkefnum í kennslustundum og almennri þátttöku í kennslustundum. Lokapróf er tveggja klukkustunda skriflegt próf úr námsefni vetrarins.

Tónlistarnám og annað listnám

Til að nemendur geti fengið tónlistarnám metið sem valgrein þurfa þeir að hafa lokið miðstigi í hljóðfæraleik og er það nám metið til 3 eininga. Þeir sem ljúka frekara námi geta fengið námið metið til allt að 6 eininga til viðbótar. Samsvarandi reglur gilda um annað listnám.

Tölvufræði og forritun (3 tímar á viku) (flokkur 2)

Námslýsing

Nemendur læra hugbúnaðargerð í Java forritunarmálinu. Undirstöðuatriði forritunar eru kynnt og áhersla lögð á hlutbundna hugbúnaðargerð. Ekki er gerð krafa um fyrri reynslu af forritun.

Markmið

Nemendur geti lesið og skrifað einföld forrit og séu vel í stakk búnir til að takast á við frekara nám í tölvunarfræðum og tengdum greinum á háskólastigi.

Efnisatriði

Meðal annars er farið í breytur, klasa, aðferðir, flæði forrita með skilyrðissetningum og lykkjum, hlutbundna hönnun og viðmót.

Kennsluhættir

Kenndar eru þrjár kennslustundir á viku. Þær skiptast í fyrirlestur (ein kennslustund) og verklegan tíma (tvær samliggjandi kennslustundir). Í fyrirlestur er farið yfir efni kennslubókar og í verklegum tímum leysa nemendur verkefni úr skyldu efni.

Kennslubók

Introduction to programming in Java – An interdisciplinary approach, höfundar: Robert Sedgewick og Kevin Wayne.

Námsmat

Árseinkunn er byggð á frammistöðu nemanda á tímaprófum, þátttöku í tímum og einstaklingsverkefnum. Vorpróf er skriflegt tveggja klukkustunda próf úr námsefni vetrarins.

Viðskiptafræði (6 tímar á viku)

Helstu þættir námskeiðsins eru eftirfarandi:

Haustmisseri :

1. Bókfærsla / Reikningshald. Valin verkefni um rekstur og reikningshald yfirfarin. Færð dagbók og uppgjör fyrirtækja með mismunandi rekstrarformi í tölvuveri. Farið yfir ársreikning og samstæðureikning tiltekins félags með útskýringum.
2. Fjármálalegt læsi. Farið yfir launaseðil, framtal til skatts miðað við eigin rekstur fyrirtækis.
3. Heimilisrekstur. Farið yfir tekjur, sparnað og hefðbundin útgjöld.
4. Hugbúnaður við fjárhagsáætlunargerð.
5. Hugbúnaður við fjárhagsbókhald og reikningshald opinberra stofnana.

Vormisseri:

1. Þjóðhagfræði.
2. Rekstrarhagfræði.

Farið verður í heimsóknir til fyrirtækja, í fyrra var t.d. farið í heimsóknir til Capacent, Fjársýslu ríkisins og Seðlabanka Íslands.

Námsmat

Árseinkunn er byggð á frammistöðu nemanda á tímaprófum, þátttöku í tímum og einstaklingsverkefnum. Vorpróf er skriflegt tveggja klukkustunda próf úr námsefni vetrarins.

Nemendur geta ekki valið bæði hagfræði og viðskiptafræði.

Þýska IV: Ferð til Frankfurt am Main (3 tímar á viku) (flokkur 3)

Námskeiðið er ætlað nemendum sem hafa lokið þremur árum í þýsku við Menntaskólann í Reykjavík og eru komnir upp á þrep B1 samkvæmt evrópska viðmiðunarráttunum í erlendum tungumálum. Áhersla verður lögð á hagnýtan orðaforða og þekkingu sem nýst gæti nemendum í þýskumælandi löndum. Í tímum munu nemendur vinna alls konar verkefni: æfa talmál, flytja samtöl, rökræða ýmis málefni og vinna menningartengd verkefni. Til að þjálfa lesskilning verður unnið með ýmsa texta. Frankfurt am Main er fimmta stærsta borg Þýskalands og meðal helstu fjármálamiðstöðva Evrópu. Borgin er jafnframt miðstöð alþjóðlegra samgangna sökum miðlægrar staðsetningar í Þýskalandi og Evrópu. Borgin er stundum kölluð „Mainhattan“. Byggingarlistin í Frankfurt er mjög áhugaverð og borgarmyndin einstök, þar sem miðaldabyggingar og nútímalegir skýjakljúfrar mætast á vel heppnaðan hátt. Frankfurt er jafnframt fæðingarstaður stórskáldsins Johann Wolfgang von Goethe og það er mjög áhugavert að kíkja á Goethe-Haus, sem er tileinkað skáldinu.

Markmið

Að nemendur

- geti tjáð sig skriflega og munnlega um efni sem tengist áfanganum og ferðinni.
- kynnist sögu, menningu og mannlífi Frankfurtar sem og helstu merkisstöðum borgarinnar.
- þekki ákveðnar bókmenntir eftir Goethe, Schiller og Heine.
- kynnist þýskri matarmenningu.
- geti nýtt þýskukunnáttu sína í daglegum samskiptum við innfædda.
- kynnist daglegu lífi Frankfurtarbúa.

Námsmat

Mikil áhersla er lögð á virkni nemenda í kennslustundum og gerðar eru strangar kröfur um mætingu og verkefnaskil. Allar skólareglur eru í fullu gildi á meðan námsferðinni til Frankfurtar stendur. Áskilinn er réttur til breytinga á námsáætlun reynist það nauðsynlegt. Í námskeiðinu er símat sem byggist á frammistöðu nemenda í tímum, hóp- og einstaklingsverkefnum. Athugið að þar sem námskeiðið er símatsáfangi **er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn. Nemendur bera sjálfir allan kostnað af ferðinni.**